

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
b/t. nefndaritara
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent rafrænt á samráðsgátt stjórnvalda.

Reykjavík, 7. desember 2023

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á raforkulögum (forgangsorka)

N1 ehf. („N1“ eða „félagið“) fagnar frumvarpi um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 sem ætlað er að tryggja raforkuöryggi annarra notenda raforku en stórnotenda. Að sama skapi tekur N1 að mestu leyti undir þá leið sem er farin að þessu markmiði en þær athugasemdir sem félagið hefur við frumvarpið eru reifaðar í þessari umsögn.

Sérstaklega tekur félagið undir að Orkustofnun sé veitt heimild til að gera kröfu um að aðilar á markaði fyrir framleiðslu og heildsölu rafmagns veiti smásölufyrirtækjum, sem einungis selja raforku til almennra notenda og Landsnets, forgang að raforku. Að öðrum kosti væri mikil hættu á forgangsorkan, sem ætluð er almennum notendum samkvæmt frumvarpinu, yrði seld af smásölufyrirtækjum til stórnotenda.

Ákvæði frumvarpsins sem helst veldur áhyggjum er 3. mgr. 1. gr., sem er orðað á þennan veg:

Orkustofnun getur útfært heimild skv. 2. mgr. með þeim hætti að sölufyrirtækjum sé veittur forgangur enda skuldbindi þau sig til að nýta ekki svigrúm sem heildsöluviðskiptin veita til að selja til stórnotenda. Skilyrði slíkrar útfærslu er að sölufyrirtæki sýni fram á að ef kaup þeirra í heildsölu verða umfram meðaltal síðustu ára sé það einungis vegna óviðráðanlegra atvika eða aukinnar sölu til notenda, annarra en stórnotenda

Þetta ákvæði er að mati N1 til þess fallið að rýra gildi 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins þar sem það tryggir ekki nægilega vel sé farið með forgangsorkuna. Nánar tiltekið að smásölufyrirtækin nýti forganginn ekki til að selja stærrí hluta af eigin framleiðslu til stórnotenda, en þau myndu að öðrum kosti gera.

Að mati félagsins þarf að passa vel upp á forgangsorkuna þannig að sölufyrirtæki, sem eru með eigin framleiðslu, geti ekki í aðdraganda orkuskorts gert samninga um sölu á magni til stórnotenda og síðan fengið forgang að raforku Landsvirkjunar. Það færi gegn markmiði frumvarpsins og væri til þess fallið að skeykja samkeppnisstöðu smásölufyrirtækja í andstöðu við samkeppnislög nr. 44/2005.

N1 telur nauðsynlegt að hugsað sé sérstaklega að eftirfarandi atriðum:

- i. Frumvarpið komi í veg fyrir að smásölufyrirtæki, sem framleiða raforku, geti gert samninga við stórnotendur og síðan aflað forgangsorku frá Landsvirkjun fyrir því sem upp á vantar til almennra notenda.
- ii. Útfærslan í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins kveði á nægilega strangt viðmið til að tryggja markmið frumvarpsins með skilvirkum og öruggum hætti en félaginu þykir ólíklegt að meðaltalssala síðustu þriggja ára uppfylli slík sjónarmið.
- iii. Að skýrt sé hvernig umframsala í skilningi 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins verður metin en þetta þykir hvorki skýrt varðandi magn né réttlætunarástæðu um óviðráðanleg atvik.

Samandregið telur N1 frumvarpið nauðsynlegt til að tryggja almennum notendum, n.t.t. neytendum, fyrirtækjum og stofnunum, raforku. Aftur á móti hefur félagið áhyggjur af því að markmiði frumvarpsins sé stefnt í hættu með undanþáguákvæði frumvarpsins, sem er ekki talið tryggja nægilega vel að smásölufyrirtæki nýti ekki svigrúmið, sem forgangur að heildsöluviðskiptum við Landsvirkjun veitir, til þess að selja raforku til stórnotenda.

Virðingarfyllst,

f.h. N1, ehf.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Ýmir Örn Finnþórgason'.

Ýmir Örn Finnþórgason
framkvæmdastjóri